



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2023

FATN1SX05

Handmennt - Starfsbraut

Kennari:	Puríður Ingvarsdóttir	Sk.st.	ÞI
-----------------	------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á þjálfun í mismunandi vinnubrögðum í tengslum við handmennt s.s. notkun saumavélar, útsaum, þrjónaskap og fleira. Þjálfunin er tengd við aukna færni í fínhyrtingum og samhæfingu. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem getur nýst í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi, hugmyndaflug, sköpunar- og vinnugleði nemandans. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hagnýtum vinnubrögðum sem nýtast honum í leik og starfi.
- einföldum þrjónaaðferðum, útsaumi, notkun saumavélar o.fl.
- vandvirkni við frágang.
- mikilvægi þess að geta haft ofan af fyrir sjálfum sér.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hagnýtum vinnubrögðum tengdum ýmsu handverki.
- fara eftir uppskriftum við mismunandi handverk.
- fara eftir einföldu sniði til fatagerðar eða annars vélsaums.
- ganga frá verkefnum (lokafrágangur).
- stytta sér stundir við ýmiss konar handverk.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa ofan af fyrir sér með mismunandi handverk, sem metið er með leiðsagnarmati.
- vinna sjálfstætt ýmist handverk við hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum
- velja verkefni við sitt hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum og leiðsagnarmati.
- ganga snyrtilega frá verkefnum, fela enda o.frv., sem metið er með verklegum æfingum.

Námsefni:

Blöð og bækur sem tengjast ýmiskonar hönnun og handverki

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	5.jan	Kynning og skipulag	
1-18	5.jan-4.maí	Eigið handverk ákveðið og undirbúið. A.m.k. einn hlutur framleiddur og fullunninn Samtal um möguleika, áhuga og framkvæmd	Skissa af eigin handverki, merkt og skýrt með stikkorðum

Sérreglur áfangans:

1. Hver nemandi skal vera með körfu utan um verkefni sín og möppu til að halda utan um teikningar, snið og fleira
2. Nemandi taki þátt í því að skipta persónulegri kennslu á milli sín á annarra nemenda, þ.e. að vinna sjálfstætt í t.d teikningu eða öðrum verkefnum á meðan beðið er eftir aðstoð kennara.
3. Efnisgjald skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat	Símat í samstarfi nemenda og kennara. Vinna við hvert og eitt verkefni metið jafnóðum. Leiðsagnarmat haft til hliðsjónar.	30%
Mæting og virkni	Mæting og virkni í hverri kennslustund metin jafnt og þétt.	70%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.